

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 19. nóvember 2020 klukkan 16:36

Titill

Bjöllurnar frá Kornsá og Brú.

Höfundur

Kristján Eldjárn (1916-1982)

Tímarit

Árbók Hins íslenzka fornleifafélags

63. árg., 1966

Megintexti

Bls. 67-70

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/000551705>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við rétthafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi rétthafa.

KRISTJÁN ELDJÁRN

BJÖLLURNAR FRÁ KORNSÁ OG BRÚ

Í tveimur 10. aldar kumlum íslenzkum hafa fundizt litlar bjöllur úr bronsi.¹ Þau eru kumlin á Kornsá í Vatnsdal og Brú í Biskups-tungum, hvort tveggja konukuml, og munu bjöllurnar hafa verið bornar á hálsfesti ásamt glerperlum. Í Kumlum og haugfé (1956) lýsti ég bjöllum þessum þannig: „Báðar eru bjöllurnar sexstrendar, með laufaskurði að neðan. Ofan á Kornsárbjöllunni er allhátt eyra með gati, og mun sams konar eyra hafa verið á Brúarbjöllunni, en brotnað af, og hefur þá gat verið borað gegnum koll bjöllunnar. Kornsárbjallan er óskreytt, en á Brúarbjöllunni eru margir depil-hringar. Uppi í kverk þeirra beggja eru járnleifar, og hefur kólfur hangið þar, en hann vantar nú. Kornsárbjallan er 2,8 sm að hæð, Brúarbjallan 2,5, en er þó í rauninni lítið eitt stærri en hin. Sterkur sameiginlegur svipur er á báðum bjöllunum. Báðar eru þær steyptar“.

Við þessa lýsingu er engu að bæta, en vafasamt er að komast þannig að orði, að bjöllurnar séu laufskornar neðan, þótt það sé ekki al- veg tilhæfulaust. Brúnir beggja bjallnanna neðst eru töluvert skemmdar. Á Kornsárbjöllunni hefur hver hlið verið nokkuð bogadregin neðst, og við það hefur komið fram eins konar laufskurður. Vera má, að svo hafi einnig verið á Brúarbjöllunni, en skörð þau, sem nú sjást, munu stafa af skemmdum. Það sést meðal annars á því,

1 Ég skrifaði þessa smágrein 1961, rétt eftir að mér barst í hendur grein Bu'Locks um fornleifarnar frá Meols. Greinin hefur síðan beðið birtingar í Árbók, en á meðan hafa bau tilindi gerzt, svo sem sjá má á grein Þórs Magnússonar hér að framan, að fundizt hefur enn ein bjallan hér á Íslandi, nefnilega í kumlinu í Vatnsdal í Barðastrandarsýslu. Þó að sú bjalla sé óheillegust bjallnanna, er enginn vafi á því, að hún er af nákvæmlega sömu gerð og hinar. Bjöllur af þessari sömu gerð eru þá orðnar þrjár hér á landi og eru þar með orðnar enn greinilegra sérkenni meðal íslenzkra sögualdargripa heldur en sýnt var, þegar ég skrifaði greinina. Ég bendi aðeins á betta, en hirði annars ekki um að skrifa greinina aftur með tilliti til hinnar nýju bjöllu, heldur læt hana flakka í því formi, sem hún hafði tekið á sig, áður en Vatnsdalskumlið fannst. — K. E.



1. Bjalla frá Meols á Norðvestur-Englandi. 2. Bjalla frá Kornsá í Vatnshal. 3. Bjalla frá Brú í Biskupstungum.

að eitt skarðið, sem þó virðist sæmilega reglulegt, nær upp í einn depilhringinn.

Þegar ég skrifaði bókina Kuml og haugfé, var mér ljóst, hve algjörlega einstæðar þessar smábjöllur eru meðal norrænna forngrípa. Leit ég svo á, að eðlilegast væri að setja þær í samband við írskar smábjöllur, sem nóg er til af. Þó gat ég ekki talið þær írskar að uppruna, því að mér virtust þær ekki líkar írskum bjöllum. Niðurstaða mín var þessi: „Af því er ætlandi, að þær séu ekki írskar að uppruna. En þar sem þær eru jafnframt einstæðar meðal norrænna bjallna og einu dæmi þess, að bjöllur væru bornar í bandi um hálsinn, virðist eðlilegasta skýringin vera sú, að hér gæti áhrifa frá írskri kristni, þó að bjöllurnar séu heimasmiðaðar hér á landi. Konurnar á Brú og Kornsá hafa borið þær sem verndargripi. Ef til vill hafa þær haft kynni af kristinni trú og siðum. En hvað sem því líður, ætti að mega hafa fyrir satt, að hinár einkennilegu íslenzku bjöllur eigi rætur að rekja til Írlands á þann hátt, sem nú hefur verið greint.“

T. C. Lethbridge hafði áður minnzt lauslega á íslenzku bjöllurnar í bók sinni Merlin's Island (London 1948). Taldi hann þær keltneskar að uppruna (en setti þó spurningarmerki við) og sennilega frá 7. eða 8. öld. Bar hann þær saman við litla bronsbjöllu, sem fundizt hafði með 7.—8. aldar hlutum í Keoldale, Sutherland, Norðvestur-Skotlandi. Teikningin, sem Lethbridge birti af þessari bjöllu í bók sinni, er þó svo frumstæð, að ekki verður eftir henni dæmt, hvort um sams konar bjöllu sé að ræða. Þar sem Lethbridge hefur sjálfur séð þessa bjöllu og segir að hún sé mjög lík íslenzku bjöllunum, verður þó að treysta, að hann fari rétt með. Hins vegar er erfitt að trúa því,

að íslenzku bjöllurnar séu frá 7.—8. öld, þar sem þær eru báðar fundnar í kumlum með ótvíraðum 10. aldar gripum.

Nýlega hefur birzt grein eftir J. D. Bu'Lock, sem varpar vel þegnu ljósi á þetta mál (J. D. Bu'Lock, The Celtic, Saxon and Scandinavian Settlement at Meols in Wirral. Transactions of the Historic Society of Lancashire and Cheshire. Vol. 112, 1960). Fremst á nesi því, er verður milli ósa áんな Mersey og Dee á Norðvestur-Englandi, við Liverpool-flóa inn úr Írlandshafi, þar sem nú heitir Hoylake, hefur fyrr á öldum verið ágæt höfn og jafnvel sæmileg allar götur fram á 18. öld. Síðan á nýsteinöld hefur því staður þessi verið mjög mikilvægur sem miðstöð fyrir verzlun og siglingar, til dæmis til Írlands og Manar, og samgöngur í ýmsar áttir, meðal annars upp eftir fljótunum tveimur, Mersey og Dee. Á víkingaöld settust norðurlandamenn að þarna og hafa látið mikil til sín taka. Sést það meðal annars af örnefnum, og Pingvellir (Thingwall) er þarna skammt frá. Talið er, að staður þessi hafi áður fyrri heitið Meols (frb. Mels), og á það að vera sama og norræna orðið *melur*, en sú nafngift helgast af allmiklu blásturslandi með sandhólum, sem einkenna staðinn. Nú er engin höfn lengur í Meols. Strandlínan hefur verið óstöðug og sjór eithvað gengið á landið. Framburður áんな hefur einnig haft sín áhrif, og að öllu samanlöögðu hafa vatn og vindar gert þarna svo miklar breytingar, að þar sem öldum eða árbúsundum saman var hið ákjósanlegasta skipalægi, er nú hafnleysa ein. Jafnframt hafa þessir náttúrukraftar á síðustu áratugum og allt síðan á 19. öld afhjúpað ýmsa forngripi frá fyrri blómaskeiðum staðarins, allt aftan frá nýsteinöld og síðan frá hverju menningarskeiðinu á fætur öðru. Í grein sinni skýrir Bu'Lock frá þessum minjum, þó aðeins frá keltneska, saxneska og skandinavíska tímanum, eða frá lokum Rómverjatímabilsins til innrásar Normanna á 11. öld.

Meðal forngripanna frá Meols er lítil bronsbjalla, sem virðist svo nauðalík Kornsárbjöllunni, að naumast er hægt að þekkja hvora frá annarri. Engum getur blandazt hugur um, að hér er kominn nákomnasti ættingi íslenzku bjallnanna, og með þessum fundi er sá draumur búinn, að þær séu íslenzkar að uppruna, og eru þær ekki ómerkari fyrir það. Bu'Lock hefur í rauninni ekki mikil um bjölluna að segja. Hann segir, að slíkar bjöllur séu ekki algengar, og í rauninni virðist hann ekki vita um aðra en Sutherland-bjölluna, sem Lethbridge hefur skýrt frá. Telur Bu'Lock, að Lethbridge ætti henni of háan aldur, og kemur það vel heim við að íslenzku bjöllurnar hafa bersýnilega ekki verið lagðar í jörðu fyrr en einhvern tíma á 10. öld.

Dæmið virðist þá standa þannig: Þekktar eru fjórar nauðalíkar sexstendar bronsbjöllur, tvær fundnar í 10. aldar grófum á Íslandi, tvær á vesturströnd Englands og Skotlands, taldar af enskum fornfræðingum lítið eitt eldri, án þess þó að það sé hægt að fullyrða. Ég held nú, eftir að bjallan frá Meols er fram komin, að telja verði tvímælalaust, að íslenzku bjöllurnar séu fluttar hingað til lands frá þessu menningarsvæði, strandhéruðunum við Írlandshaf. Hvort þær eru keltneskar eða saxneskar skal ég láta ósagt, en get þess þó, að Lethbridge taldi þær helzt keltneskar, en Bu'Lock segir: „the type appears to be distinctively Celtic“. Sýnilega er hvorugur fræðimaðurinn alveg viss í sinni sök, en almennt séð er þó vísast, að þeir hafi rétt fyrir sér.

Ég sé ekki betur nú en að bjöllurnar frá Kornsá og Brú beri að skoða í sama ljósi og hina skozk-keltnesku hringprjóna, sem eru svo algengir meðal íslenzkra forngripa, en heita mega óþekktir á Norðurlöndum, svo sem ég hef grein fyrir gert í Kumlum og haugfé. Hvort tveggja bendir til ríkra sambanda við sama menningarsvæði. Eftirtektarvert er, að þó nokkrir slíkir prjónar eru einmitt fundnir í Meols, á sama stað og bjallan, sem heita má alveg eins og Kornsárbjallan.